

### 53. Stjórnarfundur Alnæmisbarna

Haldinn miðvikudaginn 3. okt. 2007 kl.12 -13 hjá Samorku.

Mætt: María J. Gunnarsdóttir, Hildur Gestsdóttir, Helga Tulínus, Ingibjörg Guðlaugsdóttir og Sigurlaug Hauksdóttir.

Fjarverandi: Bjarni Reyr Kristjánsson og Ragna Karlsdóttir.

Fundargerð síðasta fundar 3.okt. 2007

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með smávægilegum breytingum.

Verkefnið „Mother-Child Project“ Uganda

Fundur með ABC-samtökunum: María og Ingibjörg funduðu með Guðrúnu í ABC-hjálparsamtökunum um „Mother-Child verkefnið“ í Úganda og var samstarfi ABC og Alnæmisbarna gerð ítarlegri skil. Gert var skipurit þar sem fram kemur staða Alnæmisbarna við fjáröflunina. Á toppnum trjónir ABC-International og eru ABC- Ísland og ABC-Færeyjar þátttakendur í því samstarfi. Hjá ABC-International er til sérstakur reikningur sem ABC-Ísland, Utanríkisráðuneytið og Alnæmisbörn greiða í. Þessir fjárumir eru notaðir til þess að greiða til ABC-Úganda í Mother-Child-Alive-verkefnið í Rackoko en það er í Pader-héraðinu í Norður-Úganda. Alnæmisbörn ætla að útbúa sér fjáröflunarreikning sem heyrir undir ABC-International. Verður hann alveg óháður öðrum fjármunum Alnæmisbarna. María sendi bréf til UAF vegna hálftrar milljóna króna styrksins sem við hyggjumst veita þeim, en höfum ekki fengið svar ennþá.

Tillögur Fjáröflunarnefndar

Ingibjörg er búin að fá tvær vaskar konur með sér í fjáröflunarnefndina þær Önnu Dís Sveinbjörnsdóttur og Kristínu Sigurðardóttur. Markmið nefndarinnar er fyrst og fremst hugmyndavinna fjáröflunarinnar. Bentu þær á að hægt væri að fara tvær leiðir til fjáröflunar annars vegar rafræna leið og hins vegar sölu á hlut. Í báðum tilvikum þarf að senda fréttatilkynningu til fjölmiðla, kynna verkefnið, samstarf Alnæmisbarna og ABC á Íslandi um verkefnið og hvað hvor aðili standi fyrir. Jafnframt að verkefnið sé unnið í sjálfböðavinnu, hvaða fjáröflunarleiðir séu farnar og hvernig fjármagn fer á milli aðila, þ.e.a.s. að engir milliliðir séu í fjáröfluninni, allur stuðningurinn fari beint til verkefnisins. Við hyggjumst nota báðar þessar leiðir og safna kr.2.3 milljónum króna til leikskólans.

Rafræna leiðin gengur út á það að velja fáein fyrirtæki og hvetja þá til þess að senda starfmönnum sínum rafræna aðventukveðju í tölvupósti í stað jólakorta. Andvirði jólakortanna renni

Þess í stað til verkefnisins okkar. Við ætlum því að hanna rafrænt jólakort með mynd af 15 ára munaðarlausri stelpu, sem styrkt er af Alnæmisbörnum hjá CLF, en hún hefur umsjón með eigin barni og tveimur systkinum sínum. Búa til texta um verkefnið sem fylgir beiðninni um stuðning. Textinn verður tekinn úr fréttatilkynningunni. Við höfum síðan samband við tengilið í hverju fyrirtæki og biðjum hann um að senda jólakortið ásamt texta um verkefnið þeim aðila í fyrirtækinu sem sér um styrki. Hringja síðan eftir nokkra daga í viðkomandi aðila sem sér um styrki. Haft verður samband við fyrirtæki sem hafa stutt Alnæmisbörn áður. Ætlum strax að hafa samband við fyrirtæki því ekki er ráð nema í tíma sé tekið. María ætlar að tala við Samorku, Helga við VKG-hönnun og Green Energy, Bjarni og Ragna við ISOR, Gestur við Orkuveituna og Hildur við Fornleifastofnun Íslands. Einnig væri hægt að hafa samband við stóru orkufyrirtækin. Ingibjörg ætlar að skrifa drög að texta í fréttatilkynninguna og senda á okkur hin. ABC vill fá að lesa yfir allan þann texta sem við látum frá okkur fara.

Salan á hlut gengur út á að það að selja kerti frá CLF. Við þurfum því að fá aðstöðu í rúmgöðu eldhúsi til þess að geta búið til enn fleiri kerti en vanalega. Hildur ætlar að athuga kertahópin sinn en hann hittist vanalega tvisvar sinnum í mánuði í 3 klst. í senn. Helga ætlar að kanna eldhús sem gæti komið til greina. María ætlar að athuga með pláss í Kringlunni og Smáralind fyrir jólin. Við þurfum einnig að virkja fólk til þess að standa á þessum stöðum í 1-2 tíma í senn. Sendum bréf til félaga Alnæmisbarna og könnum undirtektir. Útbúum plakát með mynd af sömu stelpunni og í fréttatilkynningunni og skrifum stuttlega um verkefnið og samstarf Alnæmisbarna og ABC á Íslandi. Plakatið á síðan að standa hjá söluaðilunum í Kringlunni og Smáralind.

#### 16 daga átakið – þátttaka Alnæmisbarna

Ingibjörg og Sigurlaug fóru á fund um 16 daga átakið gegn kynbundnu ofbeldi sem haldið var á Mannréttindastofu 17.okt. Á þessum fundi var ákveðið að áhersla átaksins í ár yrði á mansal hérlendis sem erlendis. Fylgja eftir aðgerðaráætlun Félagsmálaráðuneytisins gegn heimilisofbeldi og fullgildingu mansalssamningsins. Félög og samtök sem voru mætt ætla að skrifa greinar, vera með ráðstefnur og gjörninga þessa 16 daga. Einnig á að stefna að því að halda útifund/aktivistaviðburð og vera með stuttmyndahátíð. Vinna að því að fá fjölmiðlana til þess að fjalla um þetta efni og enda átakið með ályktun. Nýr fundur verður haldinn þriðjud. 30. okt., á þá að vera búið að hafa samband við fleiri félög og samtök og þurfa tillögur um viðburði og dagsetningar að liggja fyrir á þeim tíma. Ætlum við að fá að kynna verkefni okkar og e.t.v. selja kerti á uppákomum sem verða haldnar á vegum átaksins.

#### Fréttir frá CLF – svar við fyrirspurn stjórnar Alnæmisbarna

Bréf hefur borist frá Rosette þar sem fram kemur að hún hafi sent bréf til Japanska sendiráðsins og væntir hún svars þaðan í nóvember. Hún hyggst útvíkka starfsemi CLF og er því búin að sækja um 15 milljóna króna styrk til ÞSSÍ til þriggja ára sem myndi þá gera kr.fimm milljónir á ári. Hún bíður einnig svars þaðan.

Tuttugu stúlkur eru á námskeiðum CLF. Tíu eru að læra hárgreiðslu, sex saumaskap og fjórar eru í kertagerð.

Nítján stúlkur fá lán úr smálánasjóðnum okkar. Hver og ein fær lánað um kr. 6000,- á 18% vöxtum. Þegar lánið hefur verið greitt tilbaka geta þær sótt um nýtt lán. Þrjár hafa dottið út. Við ætlum að biðja um nánari upplýsingar um það hvað sumar stúlnanna hafa verið að nota lánið í en einhverjar hafa notað það til þess að kaupa saumavélar, farsíma og ísskápa. Ákveðið að styrkja sjóðinn með kr.100.000,- til viðbótar þeim kr.100.000,- sem þegar hefur verið veitt í sjóðinn. Einnig að kanna hvort ekki sé hægt að senda bréf til allra stúlnanna sem hafa verið í umsjá CLF frá upphafi og bjóða þeim slíkt lán.

Önnur mál – vefsíða ofl.

Ekki rædd

Næsti fundur

Næsti stjórnarfundur er miðvikudaginn 7. okt. kl.12

Með kveðju,

Sigurlaug Hauksdóttir, ritari stjórnar